

# Málefni utangarðsfólks

Framlag Geðhjálpur á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar

10. ágúst 2018

Geðhjálp fagnar því að málefni utangarðsfólks séu sett á oddinn í velferðarráði Reykjavíkurborgar og vonar að orðum ráðsmanna/kvenna fylgi raunhæfar aðgerðir í þágu þessa viðkvæma hóps. Samtökin bera hag utangarðsfólks fyrir brjósti enda eiga fleiri en færri einstaklingar innan hópsins við flókinn, geðrænan vanda að etja. Bent er á að samtökin hafa í tvígang sent formönnum velferðarráðs erindi vegna aðstæðna utangarðsfólks á höfuðborgarsvæðinu á síðustu tveimur árum. Hvorugu erindinu hefur verið formlega svarað. Erindin er hægt að nálgast á heimasíðu Geðhjálpur<sup>12</sup>.

Í upphafi er rétt að minna á að engir þekkja aðstæður utangarðsfólks á höfuðborgarsvæðinu betur heldur en vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar (VOR) innan þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Þessi hópur hefur ekki aðeins sýnt vilja sinn í daglegum verkum heldur lagt grunn að raunhæfum leiðum til lausna eins og reifað er í fyrirbyggjandi álitni Umboðsmanns Alþingis<sup>3</sup>. Brýnt er að ráðamenn innan borgarinnar geri vettvangsteyminu kleift að hrinda þessum tillögum í framkvæmd hratt og örugglega.

Utangarðsfólk er ekki fjölmennur hópur á Íslandi í samanburði við sambærilega hópa í öðrum löndum. Með samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga ætti að vera hægt að leysa vanda verst settu 40-50 einstaklinganna og skapa farveg fyrir þennan hóp til framtíðar á einu til tveimur árum. Á hinn bóginn ber að hafa í huga að þessi hópur er afar fjölbreyttur og því ber að vara við þeirri tilhneigingu að halda að hægt sé að leysa vanda hans með „skyndilausnum“ eða einföldum leiðum eins og að fjölga aðeins félagslegu húsnæði.

---

<sup>1</sup> [http://gedhjalp.is/wp-content/uploads/2018/03/EI%C3%ADn-Oddn%C3%BD-Sigur%C3%B0ard%C3%B3ttir\\_Dag%C3%BAr%C3%A6%C3%B0i.pdf](http://gedhjalp.is/wp-content/uploads/2018/03/EI%C3%ADn-Oddn%C3%BD-Sigur%C3%B0ard%C3%B3ttir_Dag%C3%BAr%C3%A6%C3%B0i.pdf)

<sup>2</sup> <http://gedhjalp.is/wp-content/uploads/2016/12/B%C3%BAstu%C3%BArr%C3%A6%C3%B0i.pdf>

<sup>3</sup> <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/6429/skoda/mal/>

Geðhjálp leggur áherslu á að hverjum og einum einstaklingi sé mætt með einstaklingsbundnum hætti, þ.e. þarfir hans/hennar og óskir séu greindar og fundin viðeigandi lausn. Sumum einstaklingum innan hópsins henta þekkt úrræði, fyrir aðra þarf að sérsníða úrræði og/eða koma á fót nauðsynlegum úrræðum fyrir tiltekna hópa. Þar leggur Geðhjálp áherslu á að komið verði á fót langtímameðferð bæði fyrir fólk með og án fíknivanda. Lífið hefur leikið suma svo grátt að þeir þurfa í rauninni á aðstoð að halda við að læra að sinna grunnþörfum sínum áður upp á nýtt en lengra er haldið.

Eftir að meðferð lýkur þarf viðkomandi að bjóðast hentugt búsetuúrræði í samræmi við „Housing first“ hugmyndafræðina með einstaklingsbundnum stuðningi vettvangsteymisins og/eða annarra aðila á vegum viðkomandi sveitarfélags og/eða ríkis. Enda þótt Geðhjálp leggi áherslu á að fólk með geðrænan vanda búi í sjálfstæðri búsetu í anda *Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* hentar ekki öllum sams konar úrræði. Sumum einstaklingum kann að henta að búa í sérrými með sameiginlegu svæði innan viðkomandi úrræðis á meðan öðrum hentar að búa í einstaklingsíbúð. Enn öðrum hentar ef til vill að flytjast á þjónustuíbúð fyrir aldraða eða á hjúkrunarheimili. Húsnæði eins og Gistiskýlið og Konukot á aðeins að nota í neyð og meggi ekki verða heimili fólks.

Geðhjálp leggur áherslu á að fólk í virkri fíkn njóti mannvirðingar og sé veitt viðeigandi þjónusta á borð við tækifæri til sjálfstæðrar búsetu. Samtökin taka undir tilmæli Umboðsmanns Alþingis um að ljóst verði að vera að hverju þessi hópur gangi við úthlutun á almennu félagslegu húsnæði til að koma í veg fyrir óraunhæfar væntingar einstaklinga innan hans um húsnæði. Með sama hætti ber að tryggja að einstaklingar í fíkn njóti réttinda stjórnsýsluaga, m.a. hvað varðar upplýsingaskyldu og málsmeðferðarhraða hins opinbera.

Flestir í hópi utangarðsfólks búa einir eða eru einhleypir. Við mótun úthlutunarreglna og kaup á félagslegu húsnæði þarf að tryggja að þeir séu ekki útilokaðir frá úthlutun vegna fjölskyldugerðar. Nauðsynlegt er að tryggja öllum starfsmönnum í geðheilbrigðisþjónustu á vegum sveitarfélaga og ríkis fræðslu í mannréttindamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu í því skyni að tryggja mannréttindi fólks með geðraskanir.

Vandi utangarðsfólks er ekki einkamál þeirra sjálfra og Reykjavíkurborgar. Brýnt er að önnur sveitarfélög axli ábyrgð sína með fjölgun félagslegs íbúðarhúsnæðis og sérhæfðra úrræða. Með sama hætti er eðlilegt að öll sveitarfélög á landinu tryggi íbúum sínum aðgengi að neyðarskýli, annað hvort með rekstri slíks skýlis fyrir íbúa í sveitarfélaginu eða samningum við önnur sveitarfélög um aðgengi íbúa þeirra að slíkum skýlum.

Ljóst er að ekki er hægt að leysa vanda utangarðsfólks án aðkomu ríkisins, einkum heilbrigðisyfirvalda. Tryggja þarf þétt samstarf starfsmanna á geðsvið Landspítalans og viðkomandi sveitarfélaga við útskrift utangarðsfólks af geðsviðinu í því skyni að stuðla að nauðsynlegri samfellu í þjónustu við viðkomandi einstaklinga. Með sama hætti þurfa starfsmenn úrræða fyrir utangarðsfólk á vegum sveitarfélaga að hafa gott aðgengi að sérfræðingum á geðsviði þegar á þarf að halda, t.a.m. þegar neyðaratvik koma upp í neyðarskýlum eða öðrum úrræðum á vegum sveitarfélaganna. Síðast en ekki síst þarf að tryggja íbúum í búsetuúrræðum á vegum sveitarfélaga sveigjanlega þjónustu samfélagsgeðteymis Landspítala, geðheilsuteymis viðkomandi heilsugæslusvæðis og annarra aðila eins og við á hverju sinni.

Hvað forgangsröðun varðar telur Geðhjálp eðlilegt að horfa til þess til hvaða skjótvirkra aðgerða sé hægt að grípa til að leysa bráðan vanda og hins vegar þess hvernig sé brýnast að leggja grunninn að stærrri og flóknari verkefnum. Hvað hið fyrra varðar telja samtökin brýnt að komið verði upp dagúrræði fyrir utangarðsfólk á höfuðborgarsvæðinu fyrir veturinn. Hvað hið síðara varðar er brýnast að afmarka fjármagn til að kosta aukinn mannafla í vettvangsteymi borgarinnar, uppbyggingu viðeigandi meðferðar og húsnæðisúrræða til framtíðar. Síðast en ekki síst er brýnt að leggja grunninn að auknu samstarfi Reykjavíkurborgar, annarra sveitarfélaga og heilbrigðisyfirvalda til að stuðla að samfelldri, gæðaðþjónustu.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálpar,  
Anna Gunnildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

